

## G J A L D S K R Á

### fyrir Rafveitu Sauðárkróks.

#### I. RAFORKA

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

##### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.80 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.20 hver kwst. auk fastagjalds af rúmi því, sem lýsa skal, er nemi kr. 12.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 4.20 á ári af hverjum fermetra.

##### B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli þannig reiknað:

- |   |                 |
|---|-----------------|
| a. Grunnjald (mælisleiga o. fl.) .....        | kr. 6.50 á mán. |
| b. Orkugjald af allri notkun .....            | — 0.60 — —      |
| c. Fastagjald af hverju herbergi í íbúð ..... | — 6.50 — —      |

Til herbergja í íbúð skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup> skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m<sup>2</sup>, má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig, að hverjir 10 m<sup>2</sup> jafngildi einu herbergi og 5 m<sup>2</sup> hálfu herbergi.

##### C. Vélanotkun.

Um kwst.mæli þannig:

- |   |                  |
|---|------------------|
| 1. 1. Fyrir fyrstu 3000 kwst. ársnotkun ..... | kr. 2.00 á kwst. |
| 2. — næstu 4000 — — .....                     | — 1.50 — —       |
| 3. — — 8000 — — .....                         | — 1.00 — —       |
| 4. Umfram 15000 — — .....                     | — 0.80 — —       |
2. Til matvælaíðnaðar, ef uppsett vélaafl fastra véla er yfir 20 kw. og notandi skuldbindur sig til að greiða sem svarar minnst 1000 kwst. ársnotkun á hvert kw. vélanna um kwst.mæli:
    - a. Á 55 aura hverja kwst. enda megi rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á tímum mesta álags rafveitunnar.
    - b. Á 80 aura hverja kwst. án skilyrðis um lokun fyrir straum.
  3. Um afl- og orkumæla þannig reiknað:
    - a. Aflgjald af notuðu afli .....
    - b. Orkugjald af allri notkun .....

Notað afl telst vera meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálestra hvers almanaksárs. Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung og álestrar fara fram um hver mánaðamót.

##### D. Hitun.

Um kwst.mæli á 23 aura hverja kwst., enda sé minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Sala á raforku eftir þessum gjaldskrárlíð er háður því skilyrði, að straumurinn sé rofinn í allt að 3 klst. á dag á mesta álagstíma um hádegið og síðdegis, en ekki lengur en 1½ klst. í senn. Rafveitustjóri ákveður lokunartíma hjá hverjum notanda.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að klukkurofar séu fáanlegir og notandi kosti tengingu þeirra og greiði leigu af þeim samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillir notaður.

101

8. ágúst.

### E. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 65 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur um kwst.mæli á kr. 2.00 hverja kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 18 aura hverja kwst., enda sé straumurinn rofinn frá kl. 8.30 til 22, eða um tvígjaldsmæli á 18 aura hverja kwst. frá kl. 20.00 til kl. 8.30 og kr. 1.50 hverja kwst. frá kl. 8.30 til 22.
4. Raforka til götu- og hafnarlýsingar á 75 aura hverja kwst.
5. Raforku til ljósa í beitiskúrum og gripahúsum má selja án mælis á kr. 2160 árskw., enda sé spennan þá 32 volt, og skriflegir samningar gerðir við neytendur um notkunina.

## II. MÆLALALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

- |  |                 |
|--|-----------------|
| 1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni ..... | kr. 3.00 á mán. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni .....  | — 5.00 — —      |
| 3. — — — 50—200 amp. ....                  | — 10.00 — —     |
| 4. — — — yfir 200 — .....                  | — 13.00 — —     |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

## III. HEIMTAUGARGJALD

Fyrir hverja húsveitu, sem tengd er við rafveitukerfi Sauðárkróks skal greiða heimtaugargjald, miðað við rúmtak húss, samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga:

Rúmmál húss í ten.m:	Heimtaugargjald:
Frá 0 allt að 100 .....	kr. 700.00
— 100 — — 150 .....	— 805.00
— 150 — — 200 .....	— 910.00
— 200 — — 250 .....	— 1050.00
— 250 — — 300 .....	— 1120.00
— 300 — — 350 .....	— 1260.00
— 350 — — 400 .....	— 1400.00
— 400 — — 450 .....	— 1540.00
— 450 — — 500 .....	— 1680.00
— 500 — — 550 .....	— 1820.00
— 550 — — 600 .....	— 1960.00
— 600 — — 650 .....	— 2100.00

## 101

8. ágúst

	Rúmmál húss í ten.m:	Heimtaugargjald:
Frá 650 allt að 700	.....	kr. 2240.00
— 700 — — 750	.....	— 2380.00
— 750 — — 800	.....	— 2520.00
— 800 — — 850	.....	— 2660.00
— 850 — — 900	.....	— 2800.00
— 900 — — 1000	.....	— 3080.00
— 1000 — — 1100	.....	— 3360.00
— 1100 — — 1200	.....	— 3640.00
— 1200 — — 1500	.....	— 4200.00
— 1500 — — 1750	.....	— 4900.00
— 1750 — — 2000	.....	— 5600.00
— 2000 — — 2250	.....	— 6300.00
— 2250 og yfir	.....	— 7000.00

Gjald þetta er miðað við loftlínu að gildleika  $3 \times 70$  m<sup>3</sup> eða grennri og allt að 60 metra að lengd. Fyrir jarðstreng skal greiða heimtaugargjald sem er 20% hærra, enda sé jarðstrengur ekki gildari en  $3 \times 70$  m<sup>3</sup>, eða lengri en 25 metrar.

Húseigandi greiðir auk þess allan kostnað af því, ef heimtaug er gildari eða lengri en að framan greinir. Sé fleiri en ein heimtaug að húsinu, greiði húseigandi eftir reikningi allan kostnað, er af því leiðir. Ef sérstök heimtaug er lögð í peningshús eða bifreiðaskúr á byggingarlóð íbúðarhússins, telst hún aukaheimtaug í húsið.

Verði síðan lögð jarðlína í stað loftlínu, greiðir húseigandi það, sem á vantar til þess að hann hafi greitt fullt jarðlínu-heimtaugargjald.

## IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal gjald fyrir enduropnun vera kr. 20.00.
2. Ef fundin er óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 20.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveituna, nr. 93 29. júní 1954.

*Atvinnumálaráðuneytið, 8. ágúst 1958.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*